

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010, Sauðhagi 1, Fljótsdalshérað.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. febrúar 2007 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010 frá 31. ágúst 2001.

Breytingin felst í því að 4,2 ha landbúnaðarsvæði breytist í opið svæði til sérstakra nota, 1,2 ha landbúnaðarsvæði breytist í verslunar- og þjónustusvæði, 110 ha landbúnaðarsvæði breytist í svæði fyrir frístundabyggð og 155 ha landbúnaðarsvæði breytist í svæði fyrir blandaða landnotkun landbúnaðar- og íbúðarbyggðar.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 2. febrúar 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*